

Fundargerð aðalfundar Félags forstöðumanna ríkisstofnana 19. maí 2020

Aðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) var haldinn á Grand Hótel í Reykjavík, þriðjudaginn 19. maí 2020, kl. 11:30-13:30.

Fundarstjóri: Magnús Geir Þórðarson þjóðleikhússtjóri.

Fundarritari: Kristján Sverrisson forstjóri Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands og ritari stjórnar FFR.

1. Erindi frá Kjara- og mannauðssýslu ríkisins: Betri vinnutími. Kjör forstöðumanna

Margrét Hauksdóttir formaður FFR opnaði fundinn og þakkaði fyrir góða mætingu. Áður en hefðbundin aðalfundarstörf hófust var Sverrir Jónsson skrifstofustjóri hjá Kjara- og mannauðssýslu ríkisins (KMR) með erindi eftir að hann fékk afmælissöng fundarmanna í tilefni dagsins.

Í upphafi erindis síns þakkaði Sverrir stjórn félagsins fyrir ánægjulegt samstarf um leið og hann vottaði það að stjórn félagsins „vinnur fyrir kaupinu sínu.“ Þá fór hann yfir verkefnið *Betri vinnutími*, sem er verkefni framundan um styttingu vinnuvikunnar og fer á fullt næsta haust. KMR mun koma með leiðbeiningar og stuðning í því sambandi. Sverrir ræddi jafnframt almennt um launakerfi forstöðumanna, stoðir þess, uppbyggingu grunnmats starfa, endurskoðun og heildarmat, viðbótarlaun og almenn starfskjör.

Í lok erindisins upplýsti Sverrir um fyrirhugaðan stjórnendadag í september 2020 (3. september) og kallaði eftir upplýsingum félagsmanna um hvað þeir vilja fá út úr slíkum degi.

2. Setning aðalfundar

Margrét Hauksdóttir lagði til að Magnús Geir Þórðarson þjóðleikhússtjóri yrði fundarstjóri og var sú tillaga samþykkt með lófaklappi. Þá lagði Margrét til að Kristján Sverrisson forstjóri Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands og ritari stjórnar yrði fundarritari og var tillagan samþykkt með lófaklappi. Magnús Geir kynnti sig og í framhaldinu lýsti hann aðalfundinn löglega boðaðan.

3. Skýrsla stjórnar um starfsemi síðastliðið starfsár

Margrét Hauksdóttir fór yfir skýrslu stjórnar, sbr. meðfylgjandi, þ.e. helstu verkefni og megináherslur félagsins á starfsárinu maí 2019 til og með apríl 2020. Margrét notaði tækifærið og óskaði eftir að félagsmenn myndu „þjóða heim“ í því skyni að auka samheldni og efla tengslanet og tengsl félagsmanna.

Að lokum þakkaði Margrét stjórn félagsins fyrir góða vinnu og afbragðs gott samstarf.

4. Framlagning endurskoðaðra reikninga félagsins

Halldór Ó. Sigurðsson gjaldkeri FFR lagði fram endurskoðaða reikninga og skýrði þá, sbr. meðfylgjandi ársreikning. Voru reikningar félagsins samþykktir samhljóða.

Ábending kom frá fundarmanni vegna sterkrar eiginstöðu félagsins og sú vangavelta lögð fram hvort að ekki ætti að haga starfsemi félagsins þannig að hlutfall eigin fjárs væri innan tiltekins ramma enda næg verkefni í boði. Svar gjaldkera var að félagið væri í mótun og væri jafnt og þétt að breytast í nokkurs konar stéttarfélag. Sjóðir félagsins myndu án efa lækka og nýtast vel til áframhaldandi þróunar félagsins og framkvæmda þeirra ærinna verkefna sem lægju fyrir.

Halldór þakkaði fyrir sig og sitt tækifæri til að starfa í stjórn og hvatti félagsmenn til að starfa í stjórn félagsins. Kvað hann starfið hafa verið virkilega skemmtilegt, í því fælist góður félagsskapur og væru verkefnin ekki íþyngjandi fyrir hin daglegu störf.

5. Lagabreytingar

Engar tillögur um breytingar á lögum félagsins lágu fyrir.

6. Stjórnarkjör

Hrafnkell V. Gíslason stýrði stjórnarkjöri f.h. kjörnefndar en ásamt honum sátu Sveinn Runólfsson og Björn Karlsson í nefndinni.

Margrét Hauksdóttir forstjóri Þjóðskrár Íslands var kosinn formaður stjórnar til tveggja ára á aðalfundi árið 2019. Halldór Ó. Sigurðsson forstjóri Ríkiskaupa og Ársæll Guðmundsson fara úr stjórn félagsins auk þess sem Harpa Þórsdóttir safnstjóri Listasafns Íslands var kosin til eins árs á aðalfundi 2019. Því lá nú fyrir fundinn að kjósa þrjú meðstjórnendur. Þrjú framboð bárust, þ.e. framboð þeirra Hörpu Þórsdóttur, Eydísar Líndal Finnbogadóttur forstjóra Landmælinga Íslands og Steins Jóhannssonar rektors Menntaskólans við Hamrahlíð. Kjör frambjóðenda var staðfest með lófataki. Hrafnkell óskaði nýkjörnum fulltrúum í stjórn félagsins til hamingju með kjörið og lýsti störfum kjörnefndar lokið.

7. Kosningar kjörnefndar

Margrét Hauksdóttir stýrði kosningu kjörnefnar. Í kjörnefnd síðasta starfsárs sátu þeir Hrafnkell V. Gíslason forstjóri Póst- og símamálastofnunar, Sveinn Runólfsson fyrrverandi forstöðumaður og Björn Karlsson fyrrverandi forstöðumaður. Hrafnkell gaf áfram kost á sér í kjörnefnd auk þess sem Ársæll Guðmundsson skólameistari Borgarholtsskóla og Helga Þórisdóttir forstjóri Persónuverndar gáfu kost á sér og var kosning þeirra staðfest með lófataki.

8. Kosning tveggja endurskoðenda félagsreikninga og jafnmargra til vara

Margrét Hauksdóttir stýrði kosningu endurskoðenda og varamanna. Endurskoðendur félagsins síðasta starfsár voru þau Gestur Steinþórsson fyrrverandi forstöðumaður og Ásta Sigrún Helgadóttir umboðsmaður skuldara. Gáfu þau kost á sér áfram og var framboð þeirra samþykkt með lófataki.

Varamenn endurskoðenda síðasta starfsár voru þau Ingbór Karl Eiríksson fjársýslustjóri og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður. Gáfu þau bæði áfram kost á sér og var kjör þeirra beggja staðfest með lófataki.

9. Ákvörðun árgjalds félagsmanna

Stjórn félagsins lagði til að árgjaldið yrði óbreytt, þ.e. 25.000 kr. sem var samþykkt.

10. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust. Margrét Hauksdóttir bað um orðið og þakkaði hún þeim Ársæli og Halldóri sérstaklega fyrir þeirra góða framlag og góðar ráðleggingar sem stjórnarmanna í FFR. Fór hún yfir sína upplifun þ.e. að fyrsta ár í stjórn félagsins væri lærdómsfasi en svo kæmi að því að sjálfur gæti maður farið að miðla af sér, sem þeir hefðu svo sannarlega gert.

Annað ekki gert.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 13:12.

Kristján Sverrisson fundarritari.

Meðfylgjandi:

Skýrsla stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana 2019-2020.

Ársreikningur Félags forstöðumanna ríkisstofnana 2020.